

Sameining Vinnueftirlits ríkisins og Vinnumálastofnunar

Sameining stofnana

- Samkvæmt samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. maí 2009 er stefnt „...að því að sameina stofnanir á sviði almannatrygginga og vinnumála í eina stofnun um vinnu og velferð. Samhliða verði hugað að nýskipan örorku- og endurhæfingarmála þar sem litið verði til möguleika og getu en ekki eingöngu til sjúkdómsgreiningar og færniskerðingar.“
- Hugmyndir um endurskipan stofnana á sviði almannatrygginga og vinnumála hafa verið til skoðunar í félags- og tryggingamálaráðuneytinu um nokkurt skeið. Ráðgjafar hafa gert sérstaka greiningu á endurskipan stofnana þar sem í ljós kemur að umtalsverð samlegð er milli stofnananna og að sameining þeirra geti skilað umtalsverðum ávinningi.
- Því hefur verið ákveðið að sameina Vinnumálastofnun og Vinnueftirlit ríkisins ásamt því að fela sameinaðri stofnun ábyrgð á umsýslu starfsendurhæfingar. Ekki er talið rétt að Tryggingastofnun verði hluti af sameinaðri stofnun, a.m.k. ekki fyrst um sinn.
- Á næstu árum blasir við það viðfangsefni að endurskapa öflugan og virkan vinnumarkað. Stefna og stofnanir á sviði vinnumála munu leika lykilhlutverk í því að skapa atvinnulífínu og vinnumarkaðinum öflugan ramma þar sem saman fara sveigjanleiki, öflugt stuðningsnet og aðhald.
- Ekki þarf að fjölyrða um að staða ríkisfjármála kallar á að leitað verði allra leiða til að hagræða án þess að það komi niður á mikilvægri starfsemi á sviði vinnumála.

Markmið

- Samfélagsleg markmið sameiningar Vinnueftirlitsins og Vinnumálastofnunar eru að efla hæfni til að stuðla að:
 - Virkum vinnumarkaði og jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli.
 - Starfsumhverfi sem tryggir öryggi og heilbrigði starfsmanna og kemur í veg fyrir brottfall þeirra af vinnumarkaði.
 - Aðgengilegum vinnumarkaði þar sem einstaklingar eiga kost á virkri þátttöku, þrátt fyrir afmarkaðar hindranir.
- Helstu fagleg markmið sameiningarinnar eru að:
 - Efla stofnanakerfi vinnumála, bæta heildarsýn, auka samfellu í þjónustu og þróa faglega hæfni, ásamt því að einfalda stjórnkerfi málaflokksins, hraða ákvarðanatöku og auka sveigjanleika.
 - Bæta þjónustu við einstaklinga, efla þjónustunet og auka möguleika til að færa miðlæg verkefni til einstakra svæðisskrifstofa.
 - Auka áherslu á greiningu, rannsóknir og þróun og styrkja hlutverk á sviði ráðgjafar við stjórnvöld og undirbúning stefnumótunar.
- Helstu rekstrarleg markmið sameiningarinnar eru að:
 - Skapa öflugan og áhugaverðan vinnustað sem gefur færi á fjölbreyttri starfsþróun.
 - Auka hagkvæmni í rekstri, draga úr yfirbyggingu, samnýta stoðþjónustu og auka nýtingu upplýsingatækni.
 - Bæta möguleika til að mæta niðurskurði fjárveitinga án þess að það komi niður á grunnþjónustu.

Ávinningur sameiningar

- Sameinuð stofnun mun búa yfir miklum faglegum styrk á öllum sviðum vinnumála, þ.e. vinnuverndar, vinnumarkaðsmála og starfsendurhæfingar.
- Samlegð milli verkefna Vinnumálastofnunar og Vinnueftirlitsins skapar margvísleg tækifæri til að þróa starfsemina og nýjar aðferðir til að tryggja virkni á vinnumarkaði, með áhættumati, forvörnum og fjárhagslegum hvötum.
- Þekking stofnananna mun nýtast vel til að byggja upp starfshæfnismat og starfsendurhæfingu sem ætlað er að koma í veg fyrir að einstaklingar með skerta starfshæfni falli af vinnumarkaði.
- Vænta má verulegrar hagræðingar vegna minni yfirbyggingar, samnýtingar ýmissa rekstrarþátta og stoðþjónustu og hagkvæmara þjónustunets.
- Stofnanirnar standa frammi fyrir umtalsverðri lækkun fjárveitinga miðað við umfang verkefna og hagræðing mun bæta möguleika til að mæta niðurskurði fjárveitinga án þess að það komi niður á grunnþjónustu.

Stærri breytingar sem tengjast sameiningunni

- Sameinuð stofnun mun bera ábyrgð á starfshæfnismati og starfsendurhæfingu og hafa forystu um uppbyggingu á því sviði um land allt. Þegar verði hafin vinna við innleiðingu matskerfisins.
- Þjónustunet sameinaðrar stofnunar mun byggja á samþættingu staðbundinnar þjónustu.

Stjórn verkefnisins

- Verkefninu verður stjórnað af verkefnisstjórn félags- og tryggingamálaráðuneytis.
- Verkefnisstjórn og dagleg verkstjórn verkefnisins er í höndum ráðgjafa.
- Undirbúningur sameiningar verður unnin í samráði við stjórnendur, starfsmenn og fulltrúa hagsmunaaðila og haldnir verða samráðsfundir með þessum aðilum.
- Sameinuð stofnun hefur vinnuheitið Vinnumarkaðsstofnun en haldin verður hugmyndasamkeppni starfsmanna um heiti stofnunarinnar.

Tímarammi

- Lagafrumvarp um sameiningu stofnananna verður lagt fram og afgreitt á vorþingi 2010.
- Forstjóri nýrrar stofnunar skipaður fljótlega eftir að lög um stofnunina taka gildi.
- Formleg sameining verður 1. janúar 2011.

Tækifæri fyrir starfsmenn

- Skapaður verður öflugur og áhugaverður vinnustaður sem gefur færi á fjölbreyttri starfsþróun.
- Lögð verður áhersla á öfluga þjónustu og enginn afsláttur gefinn á faglegum kröfum.
- Öllum starfsmönnum verður boðið starf en ljóst er að gera verður breytingar á hluta starfa.
- Þörf fyrir fækkun starfa verður mætt með því að ráða ekki í störf sem losna.
- Starfsmönnum verður boðið upp á óháða lögfræðilega aðstoð í tengslum við sameininguna.
- Lögð er áhersla á að bæta vinnuástöðu og að stofnunin fái sameiginlegt húsnæði á næsta ári. Einnig verða þjónustustöðvar á landsbyggðinni sameinaðar í húsnæði.
- Vinnuhópar starfsmanna stofnana og ráðuneytis munu vinna að afmörkuðum verkefnum í tengslum við sameininguna.